



## 6. stjórnarfundur LH

Haldinn í Laugardal 27. febrúar 2015 og hófst hann kl. 16:00

Fundinn sátu:

Lárus Ástmar Hannesson formaður, Eyþór Jón Gíslason, Jóna Dís Bragadóttir, Stella Björg Kristinsdóttir, Ólafur Þórisson, Andrea Þorvaldsdóttir, Haukur Baldvinsson, aðalstjórn S. Rúnar Bragason. Helga B. Helgadóttir, Rúnar Þór Guðbrandsson, Hrönn Kjartansdóttir, varastjórn.

Fundurinn var einnig sendur út á Lync og hafa þá fundarmenn kost á að fylgjast með fundinum í gegnum tölvu.

Fundargerð ritaði: Eyþór Jón Gíslason

### Dagskrá:

#### 1. Samgöngunefnd

Formaður samgöngunefndar Halldór Halldórsson ásamt Sæmundi Eiríkssyni varaformanni nefndarinnar komu á fundinn. Fóru þeir yfir þá vinnu sem nefndin hefur verið að vinna að og má þar helst nefna að nefndin hefur verið í sambandi við neyðarlínuna sem hefur óskað eftir að fá aðgang að gagnagrunni um reiðleiðirnar hjá Landsambandinu til að setja inn á gagnagrunn hjá sér. Mun það auka til muna öryggi hestamanna ef slys verða.

Bókun; stjórn LH samþykkir samkvæmt tillögu samgöngunefndar að afhenda neyðarlínunni umbeðnar upplýsingar samkvæmt samningi milli Landsambands hestamannafélaga og neyðarlínunnar. Formanni samgöngunefndar falið að gera samning við neyðarlínuna.

#### 2. Tilboð í bókhald LH

Formaður tilkynnti að 3 tilboð hafi borist í vinnu bókhalds Landsambandsins. Voru fundarmenn á að leita ætti eftir fleiri tilboðum og málinu frestað til næsta stjórnarfundar.

#### 3. Landsmót

Fullrtúar úr stjórn LH fóru ásamt mannvirkjanefnd LH í Skagafjörð og skoðuðu aðstöðu á Hólum í Hjaltadal. Kristján Andrésson gerði grein fyrir álitum mannvirkjanefndar og list nefndarmönnum vel á svæðið sem landsmótsstað.



Elías Blöndal framkvæmdastjóri LM fór yfir stöðu samnings við Gullhyl og sveitafélags Skagafjarðar. Nú liggja fyrir dög að samningi á milli Landsmóts ehf. og Gullhyls og kynnti Elías drögin fyrir fundarmönnum. Einnig liggur fyrir fundinum bréf frá sveitarfélagi Skagafjarðar þess efnis að vinna við framkvæmdir vegna landsmóts 2016 muni standast tímamörk. Óskað er eftir að afgreiðslu samnings milli Landsmóts og Gullhyls yrði frestað um viku og fulltrúum Gullhyls ásamt fulltrúum sveitarfélagsins verði boðaðir á fund LH

#### **4. Ekvitana.**

Rúnar Þ. Guðbrandsson fór yfir stöðu Ekvitana. Þar á að kynna fjölbreytileika íslenska hestsins. Búið er að fjármagna verkefnið og er Íslandsstofa, Bændasamtökin, Félag hrossabænda ásamt LH aðilar að verkefninu.

#### **5. Landsliðsnefnd.**

Haukur Baldvinsson fór yfir stöðu mála vegna landsliðsnefndar. Viðburðurinn Ískaldir sem átti að halda á skautasvellinu í Laugardalnum hafi ekki gengið upp og finna þarf því aðra tekjumöguleika. Vinna vegna styrktaraðila er í fullum gangi.

#### **6. HM Herning.**

Andrea Þorvaldsdóttir fór yfir stöðu á HM í Herning þar er öll vinna komni á fullt og verið er að fynna styrktaraðila.

Fleira var ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 18:45.